



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 62. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Fjarfundur, 29. október 2018, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Hjördís Skírnisdóttir varamaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðapjónustunnar, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarféлага og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

Fundargerð ritaði: Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

1. Rekstraráætlun 2019 - 1809004

Um fjöllun svæðisráðs um rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs 2019.

Þjóðgarðsvörður fór yfir rekstraráætlun þjóðgarðsins í heild. Svæðisráð fagnar breyttum vinnubrögðum við áætlanagerð með von um að það skili þjóðgarðinum jákvæðari niðurstöðu. Suðursvæði er stærsta rekstarsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs með flestar gestakomur. Á þessu svæði verður til stærsti hluti sértekna þjóðgarðsins. Til að tryggja jákvæða upplifun gesta þjóðgarðsins sem og heimamanna þarf að tryggja nægt fjármagn til reksturs og uppbyggingar á svæðinu.

Ítrekuð er bókun frá síðasta fundi um að svæðisráð telji að um mjög hógværa áætlun sé að ræða fyrir suðursvæði. Lögð er þung áhersla á að nægilegt fjármagn verði tryggt til að hægt sé að vinna í samræmi við þarfir suðursvæðis og stóráukna aðsókn gesta.

2. Suðursvæði: samráðsfundur, afþreyingarferðapjónusta - 1809005

Greinargerð samráðsfundar haldinn að Smyrlabjörgum 4. október lögð fram.

Svæðisráð þakkar starfsfólki Nýheima þekkingarseturs fyrir vel unnin störf og gott samstarf og telur mikilvægt að greinargerð verði komið á framfæri við stjórn og almenning á vef þjóðgarðsins. Í gögnum koma fram mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga við vinnu við gerð atvinnustefnu, stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand og deiliskipulag við Jökulsárlón. Svæðisráð telur þessa vinnu mjög mikið framfaraskref í samskiptum við rekstaraðila innan þjóðgarðs en leggur áherslu á að áframhald verði á samvinnu við rekstar- og hagaðila í og við þjóðgarðinn á breiðum grundvelli.

Fundi slitið kl. 10:15.

